

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Mosabraut 9, Vaðnesi.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Mosabrautar 9 í frístundabyggðinni í Vaðnesi. Í deiliskipulagsbreytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar þannig að hann verði skilgreindur í 10 m fjarlægð frá lóðamörkum.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 8. desember 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 22. desember 2023